



## 397. Stjórnarfundur haldinn 3. okt. 2012 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SV), Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

### 1. Skúli Jónsson mættur sem gestur.

Í upphafi fundar var Skúli Jónsson ritari unglingaráðs körfuknattleiksdeildar Keflavíkur mættur. EH bauð Skúla velkomin og gaf Skúla orðið. Skúli var með mynd af Íslandsmeisturum kvenna í körfu 2011 en það ár vann Keflavík alla Íslandsmeistaratitla sem í boði voru. Var að forvitnast um hvar henni væri best fyrir komið í íþróttahúsinu. EH sagði frá húsnefndinni og þeim hugmyndum sem væru í gangi. EH bauðst til að taka við myndinni og koma henni fyrir með leyfi forstöðumanns íþróttahússins. Skúli viðraði hugmynd sem var rædd á fundi unglingaráðs körfunnar um að vera með Keflavíkurdag (allar deildir saman) þar sem deildir væru að kynna sitt starf, æfingatöflu, æfingagjöld, þjálfara og stjórnir. EH tók undir með Skúla. EH sagði að það þyrfti að vinna í þessari hugmynd og yrði hún tekin upp á næsta formannafundi. Skúli sagði frá átaki sem unglingaráð fór í, í Myllubakkaskóla en það virðist sem að árgangarnir í 1. – 4. bekk séu ekki að skila sér inn í íþróttastarfið (eru með tengingar í Heiðar- og Holtaskóla). Umræður um hvað sé til ráða ef foreldrar/forráðamenn hafa ekki efni á að greiða æfingagjöldin. EH benti á velferðarsjóð kirkjunnar, einnig að meta hvert tilfelli fyrir sig og þá að leita til aðalstjórnar ef því er að skipta. Það er afar mikilvægt að börn geti iðkað íþróttir. EH þakkaði Skúla fyrir komuna og gott erindi. Skúli vék svo af fundi.

### 2. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 3. Innkominn bréf.

Engin bréf lágu fyrir fundinum.

### 4. Send bréf.

Engin bréf voru send.

### 5. Hringbraut 108.

EH fór yfir leigusamning sem gerður var við Guðbjörgu Jónsdóttur v/ leigu á Hringbraut 108.

### 6. Jólblað.

EH sagði frá því að Ragnar Örn hefði beðist undan því að taka opnuviðtalið vegna anna. Umræður um hver skuli taka opnuviðtalið. *Ákveðið að tala við Eðvarð T. Jónsson.*

### 7. Námskeið.

EH sagði frá því að þrír aðilar hafi skráð sig á skyndihjálparnámskeið sem haldið verður 16. okt. koma þeir frá knattspyrnudeildinni. Búið er að senda út ítrekun á alla stjórnir félagsins í tölvupósti um að senda sína þjálfara. Umræður um að skilaboðin sem aðalstjórn sendir frá sér séu ekki að komast til skila til þeirra aðila sem þau eiga að ná til.

### 8. Önnur mál.

Forvarnardagur forseta Íslands er 31. okt. Búið er að óska eftir að EH komi í Heiðarskóla. Skoða með þátttöku okkar í Myllu- og Holtaskóla. SG og Arngrímur Ingimundarson hafa verið að fara í Myllu- og Holtaskóla. BI kom inn á hvort ekki væri rétt að fá til liðs við okkur fótboltastjórnur félagsins.

Stuðningsmannakortin í körfunni eru komin.

EH sagði frá formannafundinum sem haldinn var að tilstuðlan íþróttá- og tómstundráðs laugardaginn 29. september. Fundagerð fundarins verður send á félögin.

Umræður um skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra UMFÍ um málefni VBS.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:00

Fundinn ritaði SG

